

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2013

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd til 2014, 458.mál.**

Landssamtökin Proskahjálpi þakka fyrir að fá til umsagnar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd.

Samtökin hafa lengi lagt áherslu á mikilvægi þess að barnaverndaryfirvöld taki aukna ábyrgð á að bregðast við sérstöðu fatlaðra barna m.t.t. barnaverndarsjónarmiða.

**Landssamtökin Proskahjálpi fagna því að í lið 2.2.4 Endurskoðun fósturs- og sérúrræða er lagt til að skipaður verði starfshópur sem m.a. er ætlað að skoða „fyrirkomulag þjónustu sveitarfélaga við börn sem glíma við fötlun eða annan fjölþættan vanda og þurfa viðvarandi þjónustu jafnvel fram yfir 18 ára aldur. „**

**Samtökin telja brýnt að barnaverndaryfirvöld komi í auknum mæli að þjónustu við fötluð börn með miklar þjónustufarir sem lið í að tryggja að slík þjónusta henti sem best barninu og fjölskyldu þess. Þá er gjarnan mikið álag í fjölskyldum þessara barna vegna fötlunar þeirra árum saman og mikilvægt að þær njóti viðeigandi stuðnings barninu, systkinum þess og fjölskyldunni allri til heilla.**

Þá telja samtökin mikilvægt að barnaverndaryfirvöld hafi frumkvæði að því að efla forvarnir gegn ofbeldi gagnvart fötluðum börnum. Fötluð börn, einkum börn með flóknar þjónustufarir og/eða hegðunarvanda eru í aukinni áhættu á að verða fyrir ofbeldi og illri meðferð og búa við aðstæður sem ekki eru nægilega góðar m.t.t. þroska og velliðunar þeirra. Þessi börn njóta gjarnan umtalsverðrar þjónustu utan eigin heimilis og eru í umsjá fjölda fólks. Hluti fatlaðra barna á í erfiðleikum með að tjá sig. Þessar aðstæður fatlaðra barna auka líkur á að þau verði útsett fyrir ofbeldi og illa meðferð.

Ástæða er til að vekja athygli á því að erlendar rannsóknir benda til þess að fötluð börn séu í sérstökum áhættuhópi fyrir því að verða fyrir hvers konar ofbeldi, þ.m.t. kynferðislegu ofbeldi. Litlar upplýsingar eru til á Íslandi varðandi ofbeldi gagnvart þessum hópi. Þó má vísa í niðurstöður rannsóknarnefndar þeirrar sem kannaði aðstæður fyrrum nemenda Heyrnleysingjaskólans. Hafin er skoðun á aðstæðum barna sem vistuð voru á vegum opinberra aðila á stofnunum fyrir fatlaða á árum áður, en niðurstöður liggja ekki fyrir. Í ljósi niðurstaðna erlendra rannsókna og þeirra upplýsinga sem fyrir liggja á Íslandi er að mati

Landssamtakanna Þroskahjálpar rík ástæða til að vinna markvisst að forvörnum gegn ofbeldi gagnvart fötluðum börnum af hálfu barnaverndaryfirvalda.

**Landssamtökin Þroskahjálp sakna þess að ekki skuli vera á nokkurn hátt fjallað um fötluð börn sem áhættuhóp m.t.t. þess að vera mögulegir þolendur ofbeldis eða forvarnir gegn ofbeldi gagnvart fötluðum börnum í nýrri framkvæmdaáætlun um barnavernd. Samtökin telja brýnt að úr slíku verði bætt og að barnaverndaryfirvöld tryggi markvisst forvarnarstarf gagnvart þessum hópi sem sannarlega er í viðkvæmri stöðu í ljósi fötlunar sinnar.**

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

  
Gerður A. Árnadóttir, formaður